



# STARFSÁÆTLUN 2020-2021

## Starfsáætlun

Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum. Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori.

Skóladagatal Ásgarðs er hefðbundið þar sem nemendadagar eru 180, starfsdagar utan almenns skólatíma eru 8, og starfsdagar kennara á skólatíma eru 5. Þessir dagar eru aðgreindir á skóladagatali skólans.

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JUNÍ	
1. L.		1. D.		1. F.	1. S.	Fúlféldisdagurinn	1. F. Nýársdagur	1. M.	1. M.	1. F. Skótdagur	1. L. Verkalýðdagurinn	1. D.
2. S.		2. M.		2. F.	2. M.	2. L.	2. D.	2. D.	2. F. Fíotudagurinn langi	2. S.	2. M.	
3. M.	Fridagur vefnámanna	3. F. Skólaráð	3. L.	3. D.	3. F.	3. S.	3. M.	3. M.	3. L.	3. M.	3. F. Skótalok	
4. D.		4. F.	4. S.	4. M.	4. F.	4. M. Starfsgarðar kennara	4. F.	4. F. Skólaráð	4. S. Þléskidagur	4. D.	4. F. Starfsgarðar kennara	
5. M.		5. L.	5. M.	5. F. Skólaráð	5. L.	5. D.	5. F.	5. F.	5. M. Annar í páskum	5. M.	5. L.	
6. F.		6. S.	6. D.	6. F.	6. S.	6. M. Þrettándinn	6. L. Dagur leikólans	6. L.	6. D.	6. F. Skólaráð	6. S. Sómnarsdagurinn	
7. F.		7. M.	7. M.	7. L.	7. M.	7. F. Skólaráð	7. S.	7. S.	7. M.	7. F.	7. M. Starfsgarðar kennara	
8. L.		8. D. Dagur leids	8. F.	8. S. Þrettándinn	8. D.	8. F.	8. M.	8. M.	8. F. Skólaráð	8. L.	8. P. Síðasti dagur vetrarinn	
9. S.		9. M.	9. F.	9. M.	9. M.	9. L.	9. D.	9. D.	9. F.	9. S.	9. D. Síðasti dagur vetrarinn	
10. M.		10. F.	10. L.	10. D.	10. F.	10. S.	10. M.	10. M.	10. L.	10. M.	10. F.	
11. D.		11. F.	11. S.	11. M.	11. F.	11. M.	11. F.	11. F.	11. S.	11. D.	11. F.	
12. M.		12. L.	12. M.	12. F.	12. L.	12. D.	12. F.	12. F.	12. M.	12. M.	12. L.	
13. F.		13. S.	13. D.	13. F.	13. S.	13. M.	13. L.	13. L.	13. D.	13. F. Úppátignisdagur	13. S.	
14. F.		14. M.	14. M.	14. L.	14. M.	14. F.	14. S.	14. S. Dagur blaðfréttanna	14. M.	14. F. Starfsgarðar kennara	14. M.	
15. L.		15. D.	15. F.	15. S.	15. D.	15. F.	15. M.	15. M.	15. F.	15. L.	15. D.	
16. S.		16. M. Dagur íslenskar náttúru	16. F.	16. M. Dagur íslenskar tungu	16. M. Starfsgarðar	16. L.	16. D. Sprengidagur	16. D.	16. F.	16. S.	16. M.	
17. M. Starfsgarðar kennara	17. F.	17. L.	17. M.	17. D.	17. F. Starfsgarðar	17. S.	17. M.	17. M.	17. L.	17. M.	17. F. Fúlféldisdagurinn	
18. D. Starfsgarðar kennara	18. F.	18. S.	18. M.	18. M.	18. F. Jólafri	18. M.	18. F.	18. F.	18. S.	18. D.	18. F.	
19. M. Starfsgarðar kennara	19. L.	19. M.	19. F.	19. F.	19. L.	19. D.	19. F.	19. F.	19. M.	19. M.	19. L.	
20. F. Starfsgarðar kennara	20. S.	20. D.	20. D.	20. F. Dagur manntéttinda barna	20. S.	20. M.	20. L.	20. L.	20. D.	20. F.	20. S.	
21. F. Skólabryjun	21. M.	21. M.	21. L.	21. L.	21. M. Jólafri	21. F.	21. S. Konudagur	21. S.	21. M.	21. F.	21. M.	
22. L.	22. D.	22. F.	22. S.	22. S.	22. D. Jólafri	22. F. Bönddagur	22. M.	22. M.	22. F. Sumarsdagurinn fyrsti	22. L.	22. D.	
23. S.	23. M.	23. F.	23. F.	23. M.	23. M. Jólafri	23. L.	23. D.	23. D.	23. F. Starfsgarðar kennara	23. S. Hvítasunnudagur	23. M.	
24. M.	24. F.	24. L. Fyrsti vetrardagur	24. D.	24. D.	24. F. Áftangidagur jóla	24. S.	24. M.	24. M.	24. L.	24. M. Annar í Hvítasunnudagur	24. F.	
25. D.	25. F.	25. S.	25. M.	25. M.	25. F. Jökuldagur	25. M.	25. F.	25. F.	25. S.	25. D.	25. F.	
26. M.	26. L. Eiríkski tungumáladagur	26. M.	26. F.	26. F.	26. L. Annar jólam.	26. D.	26. F.	26. F.	26. M.	26. M.	26. L.	
27. F.	27. S.	27. D.	27. F.	27. F.	27. S.	27. M.	27. L.	27. L.	27. D.	27. F.	27. S.	
28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. L.	28. M. Jólafri	28. F.	28. S.	28. S. Þáttaunnudagur	28. M.	28. F.	28. M.	
29. L.	29. D.	29. F.	29. S.	29. S.	29. D. Jólafri	29. F.	29. M.	29. M. Páskafri	29. F.	29. L.	29. D.	
30. S.	30. M.	30. F.	30. F.	30. M.	30. M. Jólafri	30. L.	30. D.	30. D. Páskafri	30. F.	30. S.	30. M.	
31. M.		31. L.			31. F. Gamlársdagur	3. S.		31. M. Páskafri		31. M.		
<b>180</b>	7	22	22	21	11	19	20	20	17	18	5	
<b>8.5</b>	4	0	0	0	2	1	0	0	1	1	4	

## Opnunartími

Ásgarður er opin frá því að skóladagurinn hefst og þar til honum lýkur. Kennarar og starfsfólk skólans er aðgengilegt í gegnum síma, myndfundi og tölvupóst. Allir munu ávallt gera sitt besta til að svara fyrirspurnum frá nemendum og foreldrum - venjulega á



skrifstofutíma og þegar þess gefst kostur. Ef erindið er áriðandi - eru viðkomandi hvattir til að hringja eða senda smáskilaboð og haft er samband á móti hið fyrsta.

### Skráning nemenda

Ásgarður starfar á netinu en með festi í Reykhólasveit. [Umsóknareyðublað Ásgarðs er að finna hér](#) - við höfum samband við fyrsta tækifæri.

Athugið eftirfarandi

- Til að fá námsvist í Ásgarði þurfa forráðamenn að sækja um námsvist utan [lögheimilissveitarfélags](#) (eyðublað) og færa rök fyrir því hjá sínu sveitarfélagi. Skólavist í Ásgarði er háð samþykki viðkomandi sveitarfélags. Sum sveitarfélög eru með umsóknargátt á heimasíðum sínum.
- Eðlilegt er að námsvist nemenda í Ásgarði verði unnin í nánú samstarfi við fræðsluyfirvöld í því sveitarfélagi sem nemandinn býr, best er fyrir foreldra að snúa sér beint til skólastjóra með fyrirspurnir.
- Foreldrar greiða ekki fyrir skólavist í Ásgarði nema ef þeir ákveða að greiða skólagjöldin að fullu sjálfir.
- Nemendur í Ásgarði geta fengið skólavist að ósk sveitarfélaga og þá er gert samkomulag um eðli og umfang þeirrar skólavistar.
- Foreldrar unglunga með lögheimili utan Íslands geta óskað eftir skólavist en greiða þá skólagjöld úr eigin vasa. [Viðmiðunarreglur](#) vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags ásamt [gjaldskrá](#) (án húsnæðiskostnaðar).
- Miðað er við að nemendur hafi lokið hæfniviðmiðum 7. bekkjar þegar þeir hefja nám í Ásgarði en það er þó ekki skilyrði, allir nemendur á unglingastigi (8., 9. og 10. bekk) geta stunda nám í Ásgarði. Námið er nemendamiðað og verkefnabundið og háð því að nemendur geti verið frekar sjálfstæðir í sínu námi.

## Stjórnskipulag

Skólastjóri er ábyrgur fyrir rekstri skólans og er jafnframt eigandi og faglegur leiðtogi. Á fyrsta starfsári Ásgarðs er gert ráð fyrir að nemendur verði færri en 20 en fjölgi örugglega ár frá ári. Skólastjóri stýrir skólastarfinu og ber ábyrgð á skipulagi þess.

Ásgarður er lærdómssamfélag, þar sem nemendur starfsfólk og foreldrar vinna saman að því að auka gæði skólastarfsins og gera betur í dag en í gær.

### Kennarar og starfsfólk

- Krístrún Lind Birgisdóttir - skólastjóri



## STARFSÁÆTLUN 2020-2021

- Björk Pálmadóttir - teymisstjóri - enska, umsjón, stærðfræði. Jafnréttisfulltrúi, Trúnaðarmaður KÍ.
- Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson - teymisstjóri - samfélagsfræði, náttúrufræði, tungumál. Öryggisfulltrúi og jafnréttisfulltrúi.
- Erla Björk Sveinbjörnsdóttir, sérkennari.
- Elín Elísabet Magnúsdóttir, stærðfræðikennari.
- Hildur Bettý Kristjánsdóttir, námsráðgjafi.
- Talmeinafræðingar og sálfræðingar frá Tröppu þjálfun og aðrir sérfræðingar aðkeyptir í gegnum Köruconnect.

### Fundaáætlun starfsfólks

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólanámskrá</li> <li>• Starfsáætlun</li> <li>• Námsvísir</li> <li>• Kennsluáætlanir</li> <li>• Nemendaverndarráð</li> <li>• Starfsmannastefna útbúin</li> <li>• Foreldranámskeið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipa í öll ráð og nefndir</li> <li>• Áætlanir og stefnur aðrar en skólanámskrá kynntar og aðalagaðar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útgönguleiðir æfðar, brunaæfing, nemendur og kennarar.</li> <li>• Nemendaverndarráð</li> <li>• Gerð læsistefnu</li> <li>• Umhverfisáætlun gerð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Málþing með foreldrum</li> <li>• Starfsþróunaráætlun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur - mat á skólabyrjun? Hvernig hefur gengið? Fundað með nemendum.</li> </ul>
Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innra mat</li> <li>• Nemendaverndarráð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsþróunarviðtöl</li> <li>• Foreldrakönnun</li> <li>• Nemendakönnun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ræða möguleika á sveigjanlegu starfi skv. jafnréttisáætlun</li> <li>• Skóladagatal næsta árs</li> <li>• Úrvinnsla starfsþróunarsamtala</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendaverndarráð</li> <li>• Skóladagatal</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mat á starfsáætlun</li> <li>• Endurskoðun á starfsþróunaráætlun - er ástæða til?</li> </ul>

### Skólaráð 2021 til 2022

Lögum samkvæmt er skólaráð samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok septembermánaðar. Kosningum skal hagað á eftirfarandi hátt:

- Skólastjóri situr í skólaráði.
- Tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi.
- Einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi þess.
- Tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags, sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.



## STARFSÁÆTLUN 2020-2021

- Tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.
- skólaráð skal sjálft velja einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varamenn geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti við varanleg forföll eða missi kjörgengis aðalmanns, nema nýr sé kjörinn eða valinn í hans stað.

Nöfn þeirra sem skipa skólaráð Ásgarðsskóla verður birt á heimasíðu skólans í september 2021.

**Funda og starfsáætlun skólaráðs Ásgarðs veturinn 2021-2022** er birt hér með fyrirvara um breytingar á tímasetningum eftir fyrsta fund skólaráðsins. Starfsáætlun skólaráðs er jafnframt starfsáætlun nemendaráðs. Formaður nemendaráðs situr alla fundi skólaráðsins.

Skólastjóri skráir fundargerð og birtir á heimasíðu Ásgarðs.

2. september	4 nóvember	6. janúar
<b>Drög að starfsáætlun skólaráðs - samþykkt</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýn og stefna Ásgarðs</li> <li>• Skipulag og áherslur vetrarins</li> <li>• Viðburða- og skóladagatal</li> <li>• Náms og kennsluskipulag</li> <li>• Skólareglur</li> <li>• Rekstraráætlun</li> <li>• Starfsmenn og hlutverk þeirra</li> <li>• Nefndir og ráð skólaársins</li> <li>• Nemendastýrð foreldraviðtöl</li> <li>• Nemendastýrðir vikulegir fundir</li> <li>• Menntaþing Ásgarðs - skipulag skólastarfs</li> </ul>	<b>Starfsáætlun og skólanámskrá</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forvarnaráætlun</li> <li>• Starfslýsing skólastjóra</li> <li>• Afrakstur menntastefnu – samstarf við foreldra</li> <li>• Önnur mál</li> </ul>	<b>Staða þróunarverkefna</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Desember og litlu jól</li> <li>• Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa og úrbætur.</li> <li>• Önnur mál.</li> </ul>
1. mars	7. apríl	5. maí
<b>Samskipti og samvinna</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samvinna og samstarf við foreldra</li> <li>• Samvinna og samstarf við fyrirtæki, stofnanir og skóla</li> <li>• Netöryggi</li> <li>• Öryggi og aðbúnaður.</li> <li>• Kynning á niðurstöðum nemendakannana.</li> <li>• Önnur mál.</li> </ul>	<b>Skóladagatal 2020-2021</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimasíðan, fréttastofa nemenda, samfélagsmiðlar</li> <li>• Opinn fundur - hlutverk skólaráðs - nemendur og foreldrar boðnir velkomnir.</li> <li>• Önnur mál.</li> </ul>	<b>Mat á skólastarfi og umbótaáætlun</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Niðurstöður starfsmannasamtala.</li> <li>• Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmanna-kannana.</li> <li>• Undirbúningur fyrir næsta skólaár.</li> <li>• Önnur mál.</li> </ul>



### Áfallaráð

Áfallaráð sér um að virkja viðbragðsáætlun við áföllum ef til kemur. Allt starfsfólk eru viðbragðsaðilar ef virkja þarf áætlun skólans. Áfallaráð er skipað þeim sem sjá um að virkja áætlunina, leggja mat á til hvaða aðgerða þarf að grípa og er ábyrgt fyrir að skrá niður og halda utanum aðgerðir og skrá eftifylgni og síðan málalok.

- Krístrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri.
- Elín Elísabet Magnúsdóttir, sérfræðingur.
- Björk Pálmadóttir teymisstjóri

### Innra mat - áætlun

Matsteymi Ásgarðs er skipað skólastjóra, öllum kennurum skólans, tveimur fulltrúum foreldra og tveimur fulltrúum nemenda.

Nánari upplýsingar um innra mat Ásgarðs er að sjá í sérstökum kafla um [Gæðakerfi Ásgarðs](#).

### Starfsáætlun nemenda

Stundaskrá Ásgarðs er alltaf eins og samanstendur af morgunstund í sýndarveruleika þar sem allir koma saman og farið er yfir verkefni dagsins. Í kjölfarið taka við vinnustundir og teymisfundir með kennurum. Í lok hverrar viku halda nemendur kynningarfund á verkefnum vikunnar og foreldrum er boðið að hlusta á. Í hverri viku tekur umsjónarkennari viðtal við hvern einasta nemenda og aðra hvora viku eru nemendastýrð foreldraviðtöl. Nemendur vinna í teymlum sem taka breytingum yfir skólaárið. Nemendum er ekki raðað í bekki. Skóladagar samkvæmt skóladagatali eru 180 dagar.

### Stundaskrá

Lagt er upp með að nemendur hafi lýðræðislega aðkomu að gerð stundaskrár Ásgarðs. Miðað er við 5 klst vinnudag, 5 daga vikunnar þá 180 nemendadaga sem merktir eru á skóladagatali skólans. Eins og sjá má í skólanámskrá og námsvísi er ítarlega haldið utan um nemendastundir og útfærslu á námsgreinum út frá viðmiðunarstundaskrá og valgreinum.

Kl	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
09.00	Morgunstund	Morgunstund	Morgunstund	Morgunstund	Morgunstund
09.30	Teymisfundir	Teymisfundir	Teymisfundir	Teymisfundir	Teymisfundir



10.00 - 11.00	Hópavinna	Hópavinna	Hópavinna	Hópavinna	Hópavinna
Pása - kaffihlé					
11:15 - 12.15	Hópavinna	Hópavinna	Hópavinna	Hópavinna	Hópavinna
Matur					
13.15 - 14.15	Hver er staðan? Hópavinna	Hver er staðan? Hópavinna	Hver er staðan? Hópavinna	Hver er staðan? Hópavinna	Hver er staðan? Hópavinna
14.15 - 15.15	Mín stund	Mín stund	Mín stund	Mín stund	Fréttir - allir

## Nemendafélag

Skólastjóri er ábyrgur fyrri stofnun nemendafélags við skólann og eru allir nemendur Ásgarðs félagar. Í stjórn nemendafélagsins sitja kjörnir fulltrúar úr hópi nemenda. Tveir fulltrúar úr stjórn nemendafélagsins sitja í skólaráði.

Samþykktum og tillögum félagsins getur nemendafélagið komið á framfæri við skólastjóra, bæði með formlegum hætti gegnum kjörna fulltrúa nemenda í skólaráði, sem og bréflega. Þá getur félagið eða fulltrúar þess ávallt óskað eftir fundi með stjórnendum skólans.

### **Nemendafélag starfar samkvæmt eftirfarandi starfsreglum (drög):**

- grein:** Félagið heitir Nemendafélag Ásgarðs.
- grein:** Allir nemendur í Ásgarði eru félagar og hafa atkvæðisrétt og tillögurétt.
- grein:** Hlutverk Nemendafélags Ásgarðs er að:
  - skipuleggja félagsstarf í skólanum.
  - að gæta hagsmuna nemenda í skólanum og koma með tillögur um breytingar á skipulagi skólans, áherslum í námi og kennslu eða öðru sem upp kemur.
  - miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans.
- grein:** Stjórn Nemendafélags Ásgarðs er kjörin að hausti. Nemendur bjóða sig fram til stjórnarsetu, formaður, varaformaður og ritari. .



5. **grein:** Ný stjórn er kosin í upphafi hvers árs með lýðræðislegum, leynilegum kosningum sem nemendur stýra.
6. **grein:** Stjórn félagsins fundar samkvæmt starfsáætlun skólaráðs Ásgarðsskóla og skila fundargerð til skólaráðs ef nemendaráð sér ástæðu til. Tveir fulltrúar úr nemendaráði sitja í skólaráði Ásgarðs, nemendur skulu velja sér tvo fulltrúa til að sitja fundi skólaráðs. Skyldumæting er á fundi og ber að tilkynna skólastjóra forföll. Ef fulltrúi getur ekki mætt á hann að útvega varamann í sinn stað.
7. **grein:** Endurskoða skal lög ráðsins árlega. Lög þessi skulu þegar taka gildi og falla þar með önnur lög sem sett hafa verið úr gildi.

Drög þessi útbúin af skólastjórn Ásgarðs í apríl 2020. Nemendafélagið mun aðlaga og samþykkja lög félagsins á fyrsta fundi skólaársins 2020-2021.

### Starfsáætlun nemendafélagsins

Skólastjóri aðstoðar nemendur við að útbúa starfsáætlun félagsins með dagsettri fundaaætlun. Skólastjórinn er mentor nemendafélagsins.

## Nemendaverndarráð

Meginhlutverk nemendaverndarráðs er að gæta hagsmuna barna í skólanum, vernda þau og styðja með því að:

- Taka við beiðnum vegna nemenda sem þurfa stuðning eða aðstoð vegna líkamlegra, félagslegra og/eða sálrænna erfiðleika
- Meta þörf nemenda fyrir greiningu sérfræðinga (sálfræðinga, talmeinafræðinga, sérkennara o.fl.) vegna náms-, tilfinninga- og/eða þroskavanda og samþykkja gerð tilvísunar þar sem það á við.
- Samræma og samhæfa þjónustu skólans við nemendur sem eiga við náms- og/eða tilfinningalega örðugleika að etja og stofna stoðteymi um nemendur ef þörf er talin á slíku sérstöku utanumhaldi um málefni nemenda.
- Fela stoðteyimum viðkomandi nemenda eftirfylgni mála innan skólans, við foreldra og aðila utan skólans svo sem félagsþjónustu og heilsugæslu.
- Hafa yfirsýn með og fylgja eftir starfsemi stoðteyma sem ráðið vísar málum til og fara reglulega yfir stöðu mála sem þau annast.
- Vinna og afgreiða tilkynningar og aðrar upplýsingar til barnaverndaryfirvalda í samræmi við skyldur vegna barnalaga og barnaverndarlaga.



### Seta í nemendaverndarráði:

Í nemendaverndarráði Ásgarðs sitja skólastjóri, sérkennari, námsráðgjafi og sálfræðingur. Hjúkrunarfræðingur og aðrir sérfræðingar eru kallaðir til samkvæmt úrlausnarefnum hverju sinni. Fulltrúi barnaverndaryfirvalda frá félagsþjónustu úr sveitarfélagi nemanda kann að vera boðaður á fund ráðsins ef upp koma mál sem koma að barnavernd. Heimilt er að kalla aðra inn á fundi ráðsins til að ræða einstök mál, s.s. teymisstjóra og foreldra.

Um nemendaverndarráðsfundi: Nemendaverndarráð hefur fastan fundartíma og fundir eru að lágmarki tvisvar á önn:

- Tímasetning funda er sett í starfsáætlun skólans en minnt er á fundi með tveggja vikna fyrirvara
- Skólastjóri ákveður dagskrá og stýrir fundum.
- Skrá skal í fundargerð öll mál sem berast ráðinu, allar ákvarðanir og ábyrgð með framkvæmd þeirra. Fundargerð er varðveitt sem trúnaðargagn á ábyrgð skólastjóra
- Á hverjum fundi skal fara yfir fundargerð síðasta fundar
- Nemendaverndarráð fundar utan fyrir fram ákveðinna funda eftir þörfum og vísan mála til ráðsins.

### Vísan mála:

Nemendaverndarráð fjallar um mál nemenda skólans sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika og vísað er til ráðsins:

- Málum skal vísað til nemendaverndarráðs á sérstökum tilvísanaeyðublöðum/beiðnum
- Starfsfólk skóla og foreldrar geta óskað eftir því við skólastjóra að mál nemenda eða nemendahópa í skólanum séu tekin fyrir
- Foreldrar fá alltaf upplýsingar bréflaga (tölvupóstur, bréfpóstur) um að mál barns þeirra verði tekið til umfjöllunar í nemendaverndarráði og um niðurstöður máls.

### Afgreiðsla mála:

Við afgreiðslu mála í ráðinu er hagur barna hafður að leiðarljósi og gætt jafnræðis og meðalhófs í samræmi við lög.

- Nemendaverndarráð skal taka fyrir mál sem vísað er til þess eigi síðar en tíu skóladögum eftir að skrifleg beiðni berst
- Nemendaverndarráð ákveður hvort leita þurfi frekari gagna, hvort máli er verði vísað til sérfræðinga eða hvaða aðrar leiðir skuli fara við úrlausn máls. Ráðið felur einum aðila úr ráðinu að fylgja eftir úrlausn máls hverju sinni





- Nemendaverndarráð tekur ákvörðun um hvort stofnað er stoðteymi um nemandann
- Fulltrúar í nemendaverndarráði eru bundnir þagnarskyldu um allt er varðar persónuupplýsingar um skjólstæðinga ráðsins. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna lögum samkvæmt og eru réttthærri en þagnarskylduákvæði
- Árlega tekur skólastjóri saman yfirlit um starfsemi nemendaverndarráðs skólans eftir skólaárið. Þar kemur meðal annars fram fjöldi funda ráðsins, fjöldi nemendamála sem komu til kasta ráðsins, kynjaskipting mála, aldursdreifing og tegundir mála.

## Sérfræðiþjónusta

Þegar nemendaverndaráð hefur metið þörf fyrir greininu sérfræðinga á þörfum nemenda eru fundnar leiðir til þess að viðkomandi nemandi fái þá þjónustu sem honum eða henni ber.

Teymisstjóri og skólastjóri sjá til þess að brugðist sé við hið fyrsta og að kennarar taki strax tillit til nemandands þó að greininarferli sé ekki hafið.

Skólastjóri finnur viðeigandi lausn ásamt nemendaverndarráði. Ásgarður gerir samstarfssamninga við þjónustuaðila um þjónustu við nemendur eftir því sem best hentar hverjum og einum nemenda. Nemendur fá sérfræðiþjónustu í gegnum Karaconnect - sem er veflausn sérsniðin fyrir sérfræðiþjónustu í gegnum netið.

Samstarfssamningar geta til dæmis verið við:

- Litlu kvíðameðferðarstöðina - um sálfræðiþjónustu.
- Tröppu þjálfun - um talmeinafræðinga, atferlisfræðinga, fjölskylduráðgjöf.

[Ásgarður er með eigin náms -og starfsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðing.](#)

## Starfsþróun

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans með það að markmiði að allir starfsmenn hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta störf þeirra, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að vera sífellt í stöðugri framþróun og að starfsmannahópurinn hafi metnað til að vera leiðandi þegar kemur að nútíma starfsháttum í grunnskólum.

[Sjá starfsþróunaráætlun skólans](#)



## Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins þegar börn þeirra innritast í Ásgarð. Stjórn foreldrafélags Ásgarðs samanstendur af einum bekkjarfulltrúa úr hverju teymi þar til hópurinn verður orðinn nógu stór til þess að efna til kosninga. Stjórn skiptir með sér verkum og sér um að upplýsingar um foreldrafélagið séu réttar á heimasíðu skólans.

Tilgangur félagsins er að efla samskipti foreldra barna sem stunda nám í Ásgarði og veita skólanum og nemendum stuðning. Félagið getur staðið fyrir fræðslu og upplýsingafundum um málefni sem þeir telja að styðji við skólastarfið og félagsstörf nemenda.

Foreldrafélag gerir starfsáætlun að hausti og kynna hana nemendum og starfsfólki. Starfsáætlun foreldrafélagsins er birt á svæði foreldrafélagsins á heimasíðu skólans.

Foreldrar halda aðalfund og er hann með formlegum hætti. Stjórn foreldrafélagsins heldur tvo almenna félagsfundi á ári.

Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Ákvarðanatataka í skólamálum hefur færst nær foreldrum en það undirstrikar þörf fyrir formlegan samstarfsvettvang þeirra.

Til að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að þeir sem hlut eiga að máli velti fyrir sér markmiðum félagsins og hvernig megi skipuleggja starfið svo að þau markmið náist. Með virkri starfsemi foreldrafélaga er hægt að stilla saman strengi í ýmsum hagsmunamálum og velferðarmálum með hagi barna að leiðarljósi.

<http://www.heimilhogskoli.is/utgefid-efni/foreldrahandbokin/>

## Öryggisáætlun

[Öryggisáætlun Ásgarðs er í heild sinni á heimasíðu skólans hér.](#)

## Starfsþróunaráætlun

[Starfsþróunaráætlun kennara og starfsfólks er í heild sinni á heimasíðu skólans hér.](#)

---